

**Verð kr.: 39.900,-**

**Panta**

Alvöru stjörnuáhugafólk verður að eiga góða fylgihluti með sjónaukanum sínum. Í augnglerja- og síutöskunni eru flestir af þeim hlutum sem stjörnuáhugamaður ætti að eiga.

- Fimm vönduð augngler - 1,25" - fjögurra glerja Plössl með 52° sýndarsjónsvið (32mm glerið hefur 44°) - Gefa góða skerpu og eru tær. Öll augnglerin eru fjölafspeglunarhúðuð til að tryggja hámarksskerpu og upplausn. Í töskunni eru 4mm, 6mm, 9mm, 15mm og 32mm.

- 2x Barlow linsa - Barlow linsan tvöfaldar brennivídd sjónaukans. Með glerjunum í töskunni getur þú því valið um tíu mismunandi stækkanir. Vönduð Barlow linsa.

- Sex litsíur - Síur geta hjálpað manni að greina ákveðin smáatriði í lofthjúpum og á yfirborðum reikistjarna. Í töskunni eru #12 , #21 , #25 , #56 , #58A og #80A .

- Tunglsía - Tunglsía dregur úr birtu tunglsins og skerpir á dökkum og ljósum smáatriðum á yfirborðinu.

- Rautt vasaljós - Rautt vasaljós er nauðsynlegt til að lesa af stjörnukorti í myrkrinu (ekki á mynd)

- Áltaska - Góð taska til að verja fylgihlutina gegn hnjaski.